



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, 233. mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, 233. mál. Frestur til að skila inn umsögn var til föstudagsins 18. desember en ÖBÍ óskaði eftir fresti til að skila inn álitni til mánudagsins 21. desember og var það samþykkt.

Athugasemdir við frumvarpið:

ÖBÍ fagnar því að ofangreint lagafrumvarp skuli vera til umfjöllunar. Margt í frumvarpinu er jákvætt og þá sérstaklega atriði sem lúta að möguleikum fólks til framhaldsfræðslu sem hefur skert tækifæri til menntunar eða atvinnuþátttöku, vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum.

ÖBÍ vill þó benda á að lagafrumvarpið leggur áherslu á möguleika fólks sem er á vinnumarkaði. Margir fatlaðir og öryrkjar sem eru ekki á vinnumarkaði hafa áhuga og getu til að vinna ef þeir fá starf við hæfi. Nauðsynlegt er að huga að aðgengi þessa hóps að fullorðinsfræðslu sem miðar að því að þeim verði gert kleift að komast út á vinnumarkaðinn. Jafnframt þarf að bjóða upp á fræðslu sem auðveldar þessum hópi að taka virkan þátt í samfélaginu að öðru leyti. ÖBÍ bendir enn fremur á að fatlaðir eru margir hverjir með ótrygga stöðu á vinnumarkaði og eiga á hættu með að vera sagt upp þegar þrengir að á vinnumarkaði. Mikilvægt er að koma á úrræði sem styrkir stöðu þessa hóps.

Í 11. gr. lagafrumvarpsins um stjórn Fræðslusjóðs kemur fram skipan í stjórn sjóðsins. ÖBÍ óskar eftir því að fá að skipa fulltrúa í þá stjórn þar sem margir öryrkjar eru á vinnumarkaði og nauðsynlegt er að huga sérstaklega að þeirra þörfum.

Mikilvægt er að þeir aðilar sem sinna fullorðinsfræðslu fyrir öryrkja og/eða fatlaða með góðum árangri fái nauðsynlegan stuðning og fjármagn til að geta sinnt sínu hlutverki. Eins og staðan er í dag er mikil aðsókn í nám hjá Hringsjá, náms- og starfsendurhæfingu en mun færri komast að en vilja. Tilgangur Hringsjár er að veita náms- og starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri, sem vegna sjúkdóma, slysa, fötlunar eða annarra áfalla þurfa á endurhæfingu að halda til að takast á við nám og/eða að stunda atvinnu á almennum vinnumarkaði. Að undanfögnu hefur einungis verið hægt að veita u.þ.b. 20% þeirra inngöngu sem sótt hafa um þrátt fyrir góðan árangur af náminu sem þar er veitt.


Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!



ÖBÍ bindur vonir við að athugasemdir þessar verði teknar til greina enda er það yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að efla skuli atvinnuþátttöku fatlaðra og er starfsendurhæfing, þjálfun og fræðsla forsendan fyrir því að það gangi eftir.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,


Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri.